

Afbrotatölfræði

Febrúar 2010

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Hér eru birtar niðurstöður greiningar á afbrotatölfræði fyrir febrúar 2010. Til samanburðar er horft til sama mánaðar síðustu ára.

Í febrúar voru 978 hegningarlagabrot, 3.094 umferðarlagabrot og 81 fíkniefnabrot. Fjöldi hegningarlaga- og umferðarlagabrot er nokkuð breytilegur milli ára en fíkniefnabrotum fer fækkandi (mynd 1).

Hraðakstursbrot voru 2.241 og fjölgaði þeim um 28% milli ára. Eignaspjöllum fjölgaði um 34%, áfengislagabrotum um 38% og akstri gegn rauðu ljósi um 19%. Öðrum brotum fækkaði, nytjastuldi um 53%, innbrotum um 34%, þjófnuðum um 22%, brotum vegna ölvunar við akstur um 20% og fíkniefnabrotum um 19% (tafla 1).


Töluvert er fjallað um ölvunarakstur og akstur undir áhrifum fíkniefna. Þegar litið er til ársins 2007 kemur í ljós að þessi brot eru all mörg á hverju ári. Á árinu 2007 voru þau 2.792, á árinu 2008 voru þau 2.989 og 2.444 á árinu 2009. Flest ölvunarakstursbrot eru yfir sumarmánuðina en akstur undir áhrifum fíkniefna er síður árstíðarbundinn og fer fjölgandi. Ölvunarakstursbrotum hefur hins vegar fækkað milli ára. Á síðustu þremur árum hafa brot, vegna aksturs undir áhrifum ölvunar og fíkniefna, verið 7-8 á dag. Hlutfallslega eru flestir ökumenn stöðvaðir af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og lögreglunni á Suðurnesjum.



Mynd 1. Fjöldi brota í febrúar 2005-2010 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í febrúar 2008, 2009 og 2010.

	Feb. 10	Feb. 09	Feb. 08
Hraðakstursbrot	2.241	1.757	1.663
Þjófnaðarbrott	311	397	218
Eignaspjöll	289	216	241
Innbrot	210	317	154
Ölvun við akstur	93	116	115
Fíkniefnabrot	81	100	123
Áfengislagabrot	58	42	97
Líkamsárás (217.-218. gr.)	86	90	85
Akstur gegn rauðu ljósi	51	43	85
Nytjastuldur	21	45	29



Mynd 2. Fjöldi ölvunarakstursbrota og akstur undir áhrifum fíkniefna 2007-2009.

Afbrotatölfræði

Febrúar 2010

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í febrúar 2008, 2009 og 2010 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2010	2009	2008	2010	2009	2008	2010	2009	2008
Akranes	11	24	9	25	67	84	0	3	0
Akureyri	54	45	37	45	66	110	4	7	4
Blönduós	1	4	1	27	26	40	0	2	0
Borgarnes	7	8	5	294	90	727	1	1	7
Eskifjörður	16	12	9	93	61	154	1	0	0
Húsavík	4	5	0	12	30	20	0	0	0
Hvolsvöllur	5	11	9	62	48	100	0	1	0
Höfuðborgarsvæðið	738	942	685	1.509	1.825	1.522	62	63	85
Sauðárkrókur	1	3	3	5	20	45	0	2	0
Selfoss	38	45	43	787	129	142	4	3	6
Seyðisfjörður	5	4	2	26	41	60	0	1	0
Snæfellsnes	6	5	1	35	10	138	0	0	0
Suðurnes	64	109	72	156	311	215	7	15	16
Vestfirðir	15	11	16	7	37	50	2	0	5
Vestmannaeyjar	13	6	8	11	11	32	0	2	0
Alls	978	1.234	900	3.094	2.722	3.439	81	100	123

*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskifirði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng), á Selfossi og á Suðurnesjum.

Hegningarlagabrot eru færri núna í febrúar en á síðasta ári sem nemur 21%. Að meðaltali voru 35 brot á dag. Flest þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Brotin voru óvenju mörg árið 2009 en þá fóru þau yfir 1.200.

Umferðarlagabrotin voru 3.094 sem er heldur fleiri brot en árið á undan en færri ef horft er aftur til ársins 2008. Helmingur allra umferðarlagabrota er skráður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og fjórðungur hjá lögreglunni á Selfossi. Rúmlega 72% allra umferðarlagabrota má rekja til hraðaksturs.

Fíkniefnabrot voru 81 í febrúar en 77% þeirra voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fíkniefnabrot voru skráð hjá 7 lögregluembættum af 15 og hefur brotunum fækkað síðustu ár. Á árinu 2009 voru þau 100 en 2008 voru þau 123. Fækkun fíkniefnabrota á milli áronna 2008-2010 nemur 42 brotum eða 34%.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 15. mars 2010. Tölur fyrir árin 2009 og 2010 eru bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni. Önnur verkefni sem lögregla sinnir koma ekki fram í samantektinni. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.